

Nd.

44. Frumvarp til laga

[41. mál]

um breyting á lögum nr. 16/1973, um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Flm.: Vilhjálmur Sigurbjörnsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Heimild þessi gildir til ársloka 1984.

Ágóði af happdrættinu skiptist þannig: 70% gangi til byggingar dvalarheimila aldraðs fólks og sjómanna í Reykjavík og nágrenni, 30% til elli- og hjúkrunarheimila í sjávarbyggðum utan Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis. Skal þeim hluta tekna happdrættisins ráðstafað af heilbrigðisráðherra að fengnum tillögum landlæknis.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1975.

Greinargerð.

Sjómannasamtökin hafa af miklum dugnaði og myndarskap komið á fót dvalarheimili fyrir aldrað fólk og sjómenn að Hrafnistu og hafa nú hafið framkvæmdir við nýtt og veglegt vistheimili aldraðra í Hafnarfirði með beinni aðild sveitarfélaga af Reykjanesskaga.

Fjár til þessara framkvæmda hefur m. a. verið aflað með tekjum af happdrætti D.A.S., sem tekur yfir landið allt. Reynslan hefur sannað, að þörf þessara dvalarheimila er brýn og fjármagnspörf mikil, en á hitt skal líka bent, að í fjölmörgum sjávarbyggðum skortir tilfinnanlega aðstöðu fyrir aldrað fólk, sjómenn og sjómannsekkjur, sem kys flestu fremur að eyða elliárum á þeim slóðum, sem lífsverk þess var unnið og tengsl þess eru sterkust við. Þykir því við hæfi, að hluta af tekjum happdrættis D.A.S. verði varið til styrktar þeirri viðleitni, þótt þær að meginhluta gangi til hins stóra og lofsverða verkefnis, sem sjómannasamtökin í Reykjavík og Hafnarfirði hafa ráðist í.